**Ed.** **675. Ágreiningsálit**

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Eg verð að leggja á móti því, að frumvarp þetta nái samþykki hv. deildar, sakir þess að það íþyngir innlendum skipastól í samanburði við útlendan skipastól.

Í samræmi við það, sem jeg áður hefi skýrt frá i deildinni, tel jeg rjett að hækka þá liði aukatekjulaganna, sem stimpilgjaldið nær eigi til.

Einn þeirra er 55. gr., og ber jeg því fram til breytingar á henni frumvarp á sjerstöku skjali.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Magnús Torfason.